



## Jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 2. nóvember 2005

Fundur haldinn í jafnréttisnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 2. nóvember 2005 kl. 17,00 á bæjarskrifstofu.

Mættir samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Umræður um kvennafrídaginn 24. október 2005.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Nú eru 30 ár síðan haldin var kvennafrídagur og var áveðið að minnast þess víða um land. Jafnréttisnefnd tók þátt í undirbúningi kvennafrídagsins 24. október ásamt röskum hópi kvenna og bauð göngufólk upp á kaffi í félagsheimilinu. Konur, karlar og börn hittust við stjórnsýsluhúsið og gengu að félagsheimilinu þar sem haldnar voru ræður og sungnir baráttusöngvar. Fundarmenn voru sammála um að vel hefði tekist til, enda mættu um 350 manns víðs vegar að úr sýslunni. Jafnréttisnefnd telur þennan baráttudag mikilvægt framlag til jafnréttismála.
2. Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Páll Ingbór Kristinsson  
Nína Margrét Pálmadóttir

Jófríður Jónsdóttir